



**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU



ÁRSSKÝRSLA FYRIR  
STARFSÁRIÐ 2023





# EFNISYFIRLIT

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu var stofnað 26. janúar 2019 við sameiningu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR stéttarfélags í almannaðjónustu. Félagssólk er um 16 þúsund talsins og er Sameyki stærst aðildarfélag BSRB og þriðja stærsta stéttarfélag landsins.

Ávarp formanns	4
Stjórn	7
Skrifstofa	8
Sameyki á talnamáli	10
Styrktar- og sjúkrasjóður	13
Fræðslustyrkir úr sjóðum Sameykis	14
Fræðslustarf	16
Hlutverk og ábyrgð trúnaðarmanna	18
Útgáfu- og kynningarmál	20
Nefndir og ráð Sameykis	24
Fulltrúar í nefndum og stjórnnum	26
Fræðslusetrið Starfsmennt	28
Framvegis miðstöð símenntunar	29
Virk endurhæfingarsjóður	30
Heilbrigðisgagnafræðingar	31
Félag áfengis- og vímuefnaráðgjafa	32
Lífeyrisdeild Sameykis	33

Ábyrgðarmaður Þórarinn Eyfjörð  
Ritstjóri Axel Jón Ellenarson

ISSN: 1670-881

# FRAMTÍÐIN BÍÐUR OKKAR

## ÞÓRARINN EYFJÖRÐ FORMAÐUR SAMEYKIS STÉTTARFÉLAGS Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Ef það er eitthvað sem hefur einkennt Sameyki á síðustu árum þá er það vöxtur félagsins og fjölgun félagsfólks. Nú telst virkt félagsfólk rúmlega 14.000 og þegar lífeyrisdeild félagsins er talin með þá telur félagið rúmlega 16.000 manns. Sameyki telur þannig meira en helming félagsfólks innan BSRB og er stærsta stéttarfélagið á opinberum vinnumarkaði og í almannaðjónustu.

starfandi Kjara- og starfsumhverfisnefnd, Jafnréttisnefnd, Framtíðarvinnumarkaðsnefnd, Umhverfis- og loftslagsnefnd og Menningar- og viðburðarnefnd. Þessar nefndir starfa sjálfstætt að þeim málefnum sem bera hæst hverju sinni. Réttindasjóðir okkar starfa síðan að réttindamálum félagsfólks samkvæmt samþykktum reglum sjóðanna. Þar koma til Styrktar- og sjúkrasjóður, Fræðslusjóður,

meginhlutverk stéttarféлага. Sameyki gerir núna tæplega 20 fullgilda kjarasamninga og það eru sérstakar samninganefndir eru starfandi gagnvart hverjum og einum launagreiðanda. Á þeirra hlutverk er ákaflega mikilvægt er að styrkja þeirra hlutverk og búa eins vel að þeim og mögulegt er hverju sinni. Einnig gerir félagið um 150 stofnanasamninga við stofnanir ríkisins, þar sem sérstakar samstarfsnefndir,



### STÆRÐ SAMEYKIS HEFUR ÁHRIF Á FJÖLMARGT Í OKKAR UMHVERFI

Félagið leggur áherslu á að innra félagskerfið sé ávallt starfrækt með sem öflugustum hætti. Þar ber hæst trúnaðarmannakerfið okkar sem telur um 320 manns um allt land.

Stærð Sameykis hefur áhrif á fjölmargt í okkar umhverfi. Félagið leggur áherslu á að innra félagskerfið sé ávallt starfrækt með sem öflugustum hætti. Þar ber hæst trúnaðarmannakerfið okkar sem telur um 320 trúnaðarmenn manns um allt land. Einnig leggjum við áherslu á virkt samskiptanet forystu félagsins við allt félagsfólk með reglulegum félagsfundum, morgunfundum og hádegisfundum um allt land. Þannig reynum við að tryggja að raddir félagsfólks eigi alltaf greiða leið inni í mótun starfsins hverju sinni.

Mikilvægur hluti í innra starfi félagsins eru svo starfsnefndir félagsins, en starf þeirra nær yfir vítt svið. Innan félagsins eru

Starfsmenntunarsjóður, Vinnudeilusjóður og Orlofsjóður. Menntunarkerfi þau sem félagið á síðan í samstarfi við aðra eru Fræðslusetrið Starfsmennt, Framvegis – miðstöð símenntunar og síðan loks Þróunar- og símenntunarsjóður sem er bakhjarl framsækinnar verkefna á sviði menntunar og starfsþróunar. Til viðbótar því sem að ofan er talið stendur félagið síðan fyrir afar fjölbreyttri þjónustu á sviði námskeiða og endurmenntunarverkefna í gegnum Gott að vita námskeiðin, sem sérstaklega eru hönnuð til að hvetja okkar félagsfólk til að auka við þekkingu í áhuga- og ánægjuvekjandi verkefnum.

Kjarasamningar og réttindabarátta er


sem skipaðar eru trúnaðarmönnum innan vinnustaðanna og fulltrúum frá skrifstofunni, vinna að þeimur samningum.

Starfsemi Sameykis er afar fjölbreytt og í vaxandi félagi er nauðsynlegt að tryggja að ætíð sé verið að leitað bestu leiða til að þjónusta veita félagsfólki þjónustu og tryggja árangursríkt starf í kjara- og réttindamálum. Framtíðin mun alltaf bera í sér þróun og breytingar og Sameyki má aldrei missa sjónar af því að vera lífandi félag með mikla aðlögunarhæfni í störfum sínum fyrir félagsfólk. Framtíðin bíður okkar handan við hornið, væntanlega með fullt af tækifærum fyrir stækkandi og sterkt félag.



FRAMTÍÐIN MUN ALLTAF BERA Í SÉR ÞRÓUN OG  
BREYTINGAR OG SAMEYKI MÁ ALDREI MISSA  
SJÓNAR AF AÐ VERA LIFANDI FÉLAG ...





Eins og gera má ráð fyrir þá komu fjölmörg mál til afgreiðslu stjórnar á árinu. Samskipti voru með ýmsum hætti við viðsemjendur, en fyrri hluti ársins litaðist mjög af gerð kjarasamninga.



# STJÓRN SAMEYKIS

## SKIPULAGÐIR FUNDIR STJÓRNAR ERU TVISVAR Í MÁNUÐI YFIR VETRARTÍMANN OG OFTAR EF ÞURFA ÞYKIR

Stjórn Sameykis hélt 31 fund á árinu 2023. Fundir stjórnar eru alla jafna staðfundir haldnir á Grettisgötu 89 í Reykjavík, en auk þeirra þá hefur stjórnin verið mjög virk við að nota rafrænar þátttökuleiðir þegar svo ber undir og halda Teamsfundum þegar verkefni hafa kallað á slíkt fyrirkomulag. Skipulagðir fundir stjórnar eru yfirleitt tvísvar í mánuði yfir vetrartímann og oftast ef þurfa þykir.

Eins og gera má ráð fyrir þá komu fjölmörg mál til afgreiðslu stjórnar á árinu. Samskipti voru með ýmsum hætti við viðsemjendur, en fyrri hluti ársins litaðist mjög af gerð kjarasamninga.

Flestir samningar gengu nokkuð greiðlega fyrir sig og voru samþykktir af miklum meirihluta félagsfólks. Hins vegar fór Sameyki í verkfall gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ásamt bæjarstarfsmannafélögum innan BSRB.

Verkfallhrinan var mikil áskorun en samningar náðust að lokum. Kjarasamningarnir á almenna markaðnum höfðu losnað stuttu fyrir áramótin 2022/2023, stærsti hlutinn síðan í lok mars 2023 og þeir síðustu í október 2023. Allt árið litaðist því nokkuð af gerð kjarasamninga.

## STJÓRN SAMEYKIS STÉTTARFÉLAGS Í ALMANNAÞJÓNUSTU ER SKIPUÐ FÓLKI MEÐ FJÖLBREYTTA REYNSLU

Þórarinn Eyfjörð, formaður, Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, varaformaður, Elín Helga Sanko, ritari, Berglind Margrét Njálisdóttir, Bryngeir A. Bryngeirsson, Egill Kristján Björnsson, Gunnar Rúnar Matthíasson, Herdís Jóhannsdóttir, Ingunn Hafdís Þorlákisdóttir. Jóhanna Lára Óttarsdóttir, Kári Sigurðsson, Svanhildur Steinarsdóttir, Ólafía L. Sævarsdóttir, Rut Ragnarsdóttir

# SKRIFSTOFA SAMEYKIS

Eins og undangengin ár hefur starfsfólk Sameykis tekist á við mörg verkefni en markmiðið með starfinu er alltaf það sama – að veita félagsfólki þjónustu

## 16 ÞÚS. SAMEYKI ER STÓRT OG VAXANDI FÉLAGSFÓLK ER UM 16 ÞÚSUND

Eins og undangengin ár hefur starfsfólk Sameykis tekist á við mörg verkefni en markmiðið með starfinu er alltaf að veita félagsfólki þjónustu. Starfsemin byggir á miklum samskiptum við félagsfólk í tengslum við kjara- og réttindamál, rekstur sjóða félagsins og orlofskerfisins auk annarra fjölbreyttra verkefna. Starfsfólk skrifstofunnar sér um allt félagsstarf og viðburði hjá Sameyki, s.s. fundi stjórnar Sameykis, Trúnaðarmannaráðs, stjórnar sjóða og nefnda og allra deilda innan félagsins. Stofnun ársins er stórt verkefni hjá starfsfólki sem krefst mikils undirbúnings en virkilega vel hefur tekist til með það. Félagið er stórt og vaxandi en fjöldi félagsfólks er orðinn um 16 þúsund í heildina að meðtöldu félagsfólki í lífeyrisdeild Sameykis.

Á árinu var gerð breyting á utenumhaldi trúnaðarmanna hjá félaginu. Fulltrúaráð var lagt niður og nú eru öll skref stigin með Trúnaðarmannaráðinu. Þessi breyting hefur virkað vel – hefur án efa styrkt tengsl trúnaðarmanna við félagið og ekki síður starfsfólks skrifstofu við trúnaðarmenn.

Orlofsmálin eru stór þáttur í starfsemi félagsins og stöðugt er verið að bæta orlofskerfið og efla það. Auk þess að halda kerfinu gangandi með um 80 orlofshúsakostum þegar allt er talið

hefur starfsfólk unnið að undirbúningi uppbyggingar nýrra orlofshúsa á landi Sameykis við Úlfjótuvatn. Fjárfest var í húsi á Tenerife sem hefur vægt sagt fengið frábærar viðtökur félagsfólks. Einnig var fjárfest í fasteign á Húsavík sem er í byggingu og verður afhent í byrjun sumars 2024.

Árið 2023 var allt félagsfólk í einum sameinuðum Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis. Eins og mörgum er kunnugt var félagsfólk starfandi hjá Reykjavíkurborg í Styrktarsjóði BSRB til loka árs 2022. Þessi breyting í upphafi árs 2023 gerði það að verkum að allt umfang sjóðsins tvöfaldaðist um það bil hjá Sameyki en starfsfólk tókst á við þessa viðbót af mikilli fagmennsku og útsjónarsemi.

Félags-, fræðslu- og kynningarmál voru í miklum blóma. Áður hefur verið minnst á Stofnun ársins en fjöldi annarra viðburða var haldinn á árinu, s.s. fundir með félagsfólki um allt land, trúnaðarmannaráðsfundir o.fl. Heil-

mikið umfang er vegna fræðslu til félagsfólks og þá fá trúnaðarmenn fræðslu við hæfi og starfsfólk einnig. Glæsilegt tímarit Sameykis kemur út ársfjórðungslega auk orlofsblaðs og ársskýrslu. Mjög mikil og góð upplýsingagjöf er einnig á vefmiðlum félagsins.

Félagið er stórt og fjöldi kerfa er notaður til að halda utan um gögn og veita þjónustu til félagsfólks. Nýtt skjalavistunarkerfi var tekið í notkun í byrjun árs 2023 en í því kerfi er haldið utan um mál, samninga og alla fundi. Nýjar mínar síður voru opnaðar snemma á árinu 2023 en þær eru bylting í þjónustunni við félagsfólk. Stöðugt eru tækninýjungar til skoðunar með það að markmiði að bæta þjónustu við félagsfólk.

Verulegar breytingar urðu á hópnum á skrifstofunni á árinu en átta nýir einstaklingar voru fastráðnir hjá Sameyki. Í lok árs 2023 voru 20 manns starfandi á skrifstofu Sameykis.



### STOFNUN ÁRSINS STÆRSTI VIÐBURÐURINN

Stofnun ársins er stórt verkefni hjá starfsfólki sem krefst mikils undirbúnings en virkilega vel hefur tekist til með það verkefni.





# HJÁ SAMEYKI STARFAR JÁKVÆTT STARFSFÓLK MEÐ MIKLA ÞEKINGU OG REYNSLU



**AXEL JÓN  
ELLENARSON**  
Kynningarfulltrúi



**GUNNSTEINN R.  
ÓMARSSON**  
Skrifstofustjóri



**HILDIGUNNUR  
GUÐMUNDSDÓTTIR**  
Sérfræðingur í kjaradeild



**INGIBJÖRG DÍS  
GYLFADÓTTIR**  
Verkefnastjóri sjóða



**INGÓLFUR BJÖRGVIN  
JÓNSSON**  
Deildarstjóri kjaradeildar



**ÍRIS GEFNARDÓTTIR**  
Verkefnastjóri sjóða



**IZABELA MILLER**  
Verkefnastjóri sjóða



**JAKOBÍNA  
ÞÓRDARDÓTTIR**  
Deildarstjóri félagsdeildar



**JENNÝ STEFÁNSDÓTTIR**  
Lögfræðingur



**JÓHANNA  
ÞÓRDÓRSDÓTTIR**  
Fræðslustjóri



**KAROLINA MARIA  
WOJTUSZKIEWICZ**  
Verkefnastjóri sjóða



**KRISTÍN MARÍA  
MAGNÚSDÓTTIR**  
Sérfræðingur í rekstrardeild



**LÁRA JÚLÍUSDÓTTIR**  
Verkefnastjóri sjóða



**MARGRÉT EINARSDÓTTIR**  
Verkefnastjóri orlofsmála



**ÓLAFUR HALLGRÍMSSON**  
Rekstrarstjóri  
fasteigna orlofssjóðs



**SIGDÍS ÞÓRA  
SIGÞÓRSDÓTTIR**  
Sérfræðingur í kjaradeild



**SINDRI MÁR SMÁRÁSON**  
Verkefnastjóri orlofsmála



**VILHJÁLMMUR ÓLAFSSON**  
Rekstrarstjóri fasteigna  
orlofssjóðs



**ÞÓRARINN EYFJÖRÐ**  
Formaður

VIÐ VILJUM VERA Í  
GÓÐUM TENGLUM  
VIÐ FÉLAGSFÓLK

Aðferðafraeðin sem nú er notuð er önnur en undanfarin ár og miðast við félagsfólk sem hefur réttindi og skyldur í félaginu samkvæmt félagskrá. Af þeim sökum gætir misræmis miðað við tölur frá síðasta ári.


# SAMEYKI Á TALNAMÁLI



## VIÐ ERUM AÐ YNGJAST OG FÉLAGSFÓLKI FJÖLGAR Í SAMEYKI ÁR FRÁ ÁRI


Í félaginu eru 13.985 félagsmenn og í lífeyrisdeild eru 2.295 félagar, í heildina 16.227 einstaklingar. Fyrir ári síðan eða í janúar 2023 töldust samtals 15.546 félagsmenn í Sameyki, 13.398 og 2.148 einstaklingar í lífeyrisdeild. Á einu ári hefur fjölgað um 587 einstaklinga og er því vöxtur Sameykis 4,4% á milli ára.

## FJÖLDI FÉLAGSFÓLKS Í SAMEYKI EFTIR ALDRI. FÉLAGSFÓLK Í SAMEYKI TELUR ALLS 16.227 MANNS




75,9%

Alls starfa 75,9% félagsfólks hjá ríki, borg og bæjum




37,5%

37,5% félagsfólks starfar hjá Reykjavíkurborg




35,4%

35,4% félagsfólks starfar hjá ríki



3,0%

Félagsfólks starfandi hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar



37,5% félagsfólks starfar hjá Reykjavíkurborg og eru starfsstöðvarnar 136 talsins. Hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg starfa 3,0% félagsfólks, dreifast víðs vegar um landið og sinna að stærstum hluta störfum við umönnun aldraðra og fatlaðra. Íslenska ríkið er næststærsti launagreiðandinn en þar starfa 35,4% af félagsfólki.



# 16.227 FÉLAGAR

Sem fyrr eru konur í miklum meirihluta og teljast 8.801 á meðan fjöldi karla er 5.173. Eru hlutföllin 37,0% karlar og 62,9% konur. Þá má sjá að körlum fjölga, en árið 2022 mældust þeir 36,6% og er það 1,1% aukning milli ára. Þá mælast 0,1% kynsegin/annað af félagsfólki í Sameyki.

Meðalaldur félagsfólks í Sameyki lækkar á milli árunna 2023 og 2024, fer úr 38,8 árum í 38,3 ár. Hjá körlum lækkar aldurinn heldur minna á milli ára en hjá konum, en meðalaldur karla er 37,4 ár og kvenna 38,8 ár. Fyrir ári eða í upphafi árs 2023 mældist meðalaldur karla 37,7 ár og kvenna 39,4 ár, lækkun aldurs karla er, eins og mælist nú, heldur minni en lækkun kvenna. Hlutfall félagsfólks yngra en 50 ára fer því hækkandi ár frá ári en árið 2022 mældist það 69,1%, árið 2023 70,0% og nú 73,5%. Félagssaldur lækkar einnig samfara lækkandi aldri félagsfólks en í upphafi árs 2023 mældist hann 6,5 ár og er nú 6,3 ár.

Alls starfa 75,9% okkar félagsfólks hjá ríki, borg og bæjum. Nú sem fyrr er Reykjavíkurborg stærsti launagreiðandinn en 37,5% félagsfólks starfa hjá þessu fjölmennasta sveitarfélagi landsins. Störfir er að finna

á öllum fagsviðum borgarinnar og eru starfsstöðvarnar 136 talsins. Hjá öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg starfa 3,0% félagsfólks, dreifast víðs vegar um landið og sinna að stærstum hluta störfum við umönnun aldraðra og fatlaðra.

Íslenska ríkið er næststærsti launagreiðandinn en þar starfa 35,4% af félagsfólki. Landspítali - háskólasjúkrahús er stærsti einstaki vinnustaðurinn með 12,9% félagaf 144 stofnunum og fyrirtækjum ríkisins sem Sameykisfólk starfar hjá. Aðrir vinnustaðir eins og ÁTVR eru með 3,5%, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins 1,3% og Fangelsismálastofnun 1,1% svo fátt eitt sé nefnt.

Við þjónustustarfsemi tengda flutningum með flugi starfa 2,0% hjá Isavia ohf. og hjá Fríhöfninni 1,1%. Við almenningsgangur

starfa 1,8% félagsfólks hjá Strætó bs. Þvert yfir eru störf Sameykisfélaga fjölbreytt og krefjast ólíkrar menntunar, getu og hæfni. Liðlega 7,6% félagsfólks starfa við þjónustu við aldraða sem og þjónustu við fatlað fólk í formi búsetu og dagþjónustu. Stærstu vinnustaðirnir eru Klettabær, Ás styrktarfélag og Hrafnistuheimilin.

Búsetuskipting er samhljóma við fjölmennustu vinnustaðina; Reykjavíkurborg og Landspítala - háskólasjúkrahús, en ríflega helmingur félagsfólks starfar þar. Tæplega 87,0% búa á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesskaga, og lækkar búsetuhlutfallið eftir því sem fjær dregur suðvesturhorninu.

Fjöldi atvinnulauss félagsfólks minnkar eins og undanfarin ár og mælist nú 0,8%. Fjöldi félagsfólks í fæðingarorlofi er á sömu nótum og síðustu ár, eða um 1,6%.

## KONUR ERU Í MIKLUM MEIRIHLUTA OG TELJAST 8.801 Á MEÐAN FJÖLDI KARLA ER 5.173




63%

Í SAMEYKI ERU 62,9% FÉLAGSFÓLKS KONUR. MEIRIHLUTI PEIRRA STARFAR HJÁ REYKJAVÍKURBORG



37%

KÖRLUM Í FÉLAGINU FJÖLGA FRÁ SÍÐASTA ÁRI EN ÁRIÐ 2022 MÆLDUST PEIR 36,6% AF HEILDARFJÖLDA



YNGRI EN 50 ÁRA 50-59 ÁRA ELÐRI EN 60 ÁRA

Meðalaldur félagsfólks í Sameyki lækkar á milli árunna 2023 og 2024, fer úr 38,8 árum í 38,3 ár.

312.529.573

krónur voru greiddar í sjúkradagpeninga á árinu sem var stærsti liðurinn sem greiddur var úr sjóðnum

# 1. JANÚAR 2023

fjölgaði félagsfólki í Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis þegar félagsfólk stéttarfélagsins, sem áður var hjá Styrktar- og sjúkrasjóði BSRB, færðist yfir í Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis.

652.895.924

krónur voru greiddar úr Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis á árinu 2023 til félagsfólks

71.475.221

krónur voru greiddar út úr sjóðnum í líkamsræktarstyrk

58

milljónir króna voru greiddar út á árinu til félagsfólks fyrir tannlæknakostnaði

fæðin greiddur 88 m

# STYRKJAR- OG SJÚKRASJÓÐUR



TÆPLEGA 11 ÞÚSUND  
STYRKIR AFGREIDDIR

10.905

umsóknir á árinu 2023  
voru afgreiddar úr  
Styrktar- og sjúkrasjóði  
Sameykis

397

397 fæðingarstyrkir voru  
útgáfir úr röskaðum  
milljónir króna

Þann 1. janúar 2023 fjölgaði félagsfólki í Styrktar- og sjúkrasjóði Sameykis þegar félagsfólk, sem áður var hjá Styrktar- og sjúkrasjóði BSRB, færðist yfir í Styrktar- og sjúkrasjóð Sameykis. Þá var allt félagsfólk loks sameinað í einn styrktar- og sjúkrasjóð. Ljóst var að umfang umsókna myndi aukast töluvert enda hefur félagsfólki fjölgað þónokkuð í sjóðnum.

Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis afgreiddi 10.905 umsóknir á árinu 2023 en mesti fjöldi afgreiddra umsókna á árinu var í desembermánuði þegar alls 1.619 umsóknir voru afgreiddar úr sjóðnum. Sjóðurinn greiddi á árinu alls 652.895.924 kr. úr sjóðnum. Sjúkradagpeningar voru stærsti liðurinn sem greiddur var úr sjóðnum, en samtals voru greiddar 312.529.573 kr. yfir allt árið. Þá voru greiddir út 397 fæðingarstyrkir sem er 7 prósent aukning frá árinu 2022 fyrir röskað 88 milljónir króna og tannlæknakostnaður fyrir tæpar 58 milljónir króna. Styrkur vegna líkamsræktar var vel nýttur á síðasta ári en 3.385 slíkir styrkir voru afgreiddir fyrir alls 71.475.221 kr. Þá var félagsfólk Sameykis einnig duglegt að nýta sér styrki vegna sjúkraþjálfunar en samtals voru 1.740 slíkir styrkir afgreiddir fyrir alls 28.857.186 kr.

Um áramótin sl. var sú breyting gerð á reglum í sjóðnum, að styrkur vegna líkamsræktar var hækkaður upp í 25.000 kr. á 12 mánaða tímabili og sömuleiðis var styrkur vegna sjúkraþjálfunar hækkaður upp í 42.000 kr. á 12 mánaða tímabili. Þá bættist einnig við styrkinn vegna heilsustofnunar að núna er hægt að nýta þann styrk vegna eftirmeðferðar í áfengis- og vímuefnameðferð í allt að 28 daga. Það liggur í augum uppi að Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis er vel metinn af félagsfólki og stjórn sjóðsins og starfsfólk fylgjast vel með þróun hans og eru vakandi fyrir

velferð félaganna, einnig hvernig best er hægt að aðlaga sjóðinn að þörfum félagsfólks.

Heiti styrks	Greidd upphæð 2023	Fjöldi styrkja 2023
Augnaðgerð	3.230.384	34
Dánarbætur	2.700.000	19
Fæðingarstyrkur	88.375.000	397
Gleraugna- eða linsukaupastyrkur	15.159.916	839
Heilsustofnun	3.337.638	37
Heyrnartæki	6.557.802	47
Hjartavernd, Heilsuvernd	1.740.000	87
Krabbameinsrannsóknir	1.518.820	165
Krabbameinsskoðun	2.953.887	532
Líkamsrækt	71.475.221	3.385
Rannsókn, aðgerð, ferðastyrkur	215.000	11
Sálfræðingur/félagsráðgjafi	46.814.338	1.915
Sérstakar aðstæður	354.989	5
Sjúkradagpeningar	312.529.573	819
Sjúkraþjálfun og -nudd	28.857.186	1.740
Tannlæknakostnaður	57.908.985	791
Tæknifrjógungun	9.167.185	82
Samtals	652.895.924	10.905



# FRÆÐSLUSTYRKIR ÚR SJÓÐUM SAMEYKIS

Á árinu 2023 voru afgreiddir 3295 starfsmenntunarstyrkir til félagsfólks, en þeir voru 3132 árið 2022. Styrkafgreiðslum fjölgar því um 163 og útgjöldin aukast um 7,4%. Aukning er í nánast öllum styrkjaflokkum en háskólanám er 50,6% af heildarútgjöldum á árinu 2023. Náms- og kynnisferðir erlendis taka mikið til sín líkt og í fyrra en þar hækka útgjöld um tæpar 7,3 milljónir.

Þá voru á árinu 2023 afgreiddir 1373 starfsþróunarstyrkir til félagsfólks, en þeir voru 1098 árið 2022. Styrkafgreiðslum fjölgar því um 275 og útgjöldin aukast um tæplega 36%. Um 60% af heildarútgjöldum eru vegna háskólanáms. Aukningin er mikil í styrkjum vegna ráðstefnugjalda en þar hækka útgjöld úr rúmum 7,6 milljónum í tæpar 18,9 milljónir, sem er um 246% aukning. Einnig er töluverð aukning í afgreiðslu staðarlotustyrkja.

Afgreiddir voru 395 vísindaverkefnastyrkir á árinu, en þeir voru 400 árið 2021. Þegar heildarútgjöld eru skoðuð þá eru rúm 37% útgjalda vegna náms- og kynnisferða en mesta hækun styrkja er vegna ráðstefnugjalda, eða

aukning upp á tæpar 6,2 milljónir. Þá má geta þess að Félag starfsmanna Stjórnarráðsins (FSS) er með þjónustusamning við Sameyki sem sér um afgreiðslu fræðslustyrkja til félagsfólks FSS sem er 268 talsins. Á árinu 2023 voru afgreiddir 56 starfsmenntunarstyrkir samtals að upphæð 4.122.100 kr. og 10 starfsþróunarstyrkir samtals að upphæð 1.647.500 kr. sem gerir samtals 5.769.600 í fræðslustyrki, en upphæðin var 2.016.366 kr. á árinu 2022.

Fræðslusjóður úthlutaði 94.081.291 kr. á árinu 2023, en úthlutun var 25.839.286 kr. á árinu 2022. Alls voru þetta 122 styrkir sem er fjölgun um 54 styrki milli ára, en 113 styrkir voru afgreiddir til Reykjavíkurborgar, 5 til Strætó, 2 til Félagsbústaða og 2 til Waldorfskóla í Lækjarbotnum.

Mikil aukning er í úthlutun styrkja til starfseininga Reykjavíkurborgar en úthlutunarreglum var breytt 7. desember 2022 þar sem opnað var á þann möguleika að starfseiningar gætu sótt um styrki vegna fræðsluferða.

Alls var rúmum 88,4 milljónum úthlutað til starfseininga Reykjavíkurborgar og þar af voru tæpar 52 milljónir vegna fræðslu- og ráðstefnuferða og rúmar 14 milljónir vegna íslenskukennslu. Tæpar 22,5 milljónir fóru til fjölbreyttra verkefna.

Framlag Fræðslusjóðs til starfsþróunarstyrkja var tæpar 76,8 milljónir á árinu 2023 en stjórnin hefur falið stjórn Starfsmenntunarsjóðs að sjá um úthlutun starfsþróunarstyrkjanna. Þá var framlag Fræðslusjóðs til starfsmenntunarstyrkja tæpar 91,6 milljónir á árinu 2023.

Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis úthlutar styrkjum til stofnana, ráðuneyta og atvinnurekenda sem greiða í sjóðinn. Á árinu 2023 úthlutaði Þróunar- og símenntunarsjóður 40.703.762 kr. en 22.234.593 kr. á árinu 2022. Alls voru þetta styrkir vegna 97 verkefna, sem er fjölgun um 60 verkefni milli ára. Eins og undanfarin ár hefur stjórn Starfsmenntunarsjóðs séð um afgreiðslu starfsþróunarstyrkja fyrir hönd stjórnar Þróunar- og símenntunarsjóðs og var framlag sjóðsins tæpar 76,6 milljónir á árinu 2023.

## STARFSMENNTUNARSJÓÐUR, FRÆÐSLUSJÓÐUR, ÞRÓUNAR- OG SÍMENNTUNARSJÓÐUR

Stjórn Starfsmenntunarsjóðs Sameykis hélt tíu fundi á árinu 2023. Núna eiga sæti í stjórninni Bjarni Bjarnason, Jóhanna Rúnarsdóttir, Ólöf Rún Steinarsdóttir, Svanhildur Steinarsdóttir, Trausti Jónsson og Þórdís Viborg.

Stjórn Fræðslusjóðs fundaði tólf sinnum á árinu 2023. Í stjórninni sitja nú fyrir hönd Sameykis þau Rut Ragnarsdóttir, Þórarinn Eyfjörð og Þórdís Sigurgestsdóttir. Fyrir hönd Reykjavíkurborgar sitja í stjórninni Ásta Bjarnadóttir og Íris Jóhannsdóttir.

Stjórn Þróunar- og símenntunarsjóðs Sameykis hélt sjö fundi á árinu 2023. Í stjórn sitja fyrir hönd Sameykis þau Berglind Margrét Njálisdóttir og Þórarinn Eyfjörð. Fyrir hönd fjármálaráðherra sitja í stjórn þau Ásta Einarsdóttir og Einar Mar Þórðarson.

# EINSTAKLINGSSTYRKIR ÚR FRÆÐSLUSJÓÐUM TIL FÉLAGSFÓLKS

Á árinu 2023 voru afgreiddir 3295 starfsmenntunastyrkir að upphæð 216.090.613 króna til félagsfólks

Starfsmenntunastyrkir	Greidd upphæð 2023	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	Karlar fjöldi	Kyn-segin fjöldi	Fjöldi styrkja 2023	Greidd upphæð 2022	Fjöldi styrkja 2022	Hækkun/lækkun í kr. 2023/2022	Hækkun/lækkun í % 2023/2022	Fjölgun/fækkun styrkja 2023/2022
Framhaldsskólanám	17.866.705	8,3%	227	129	0	356	15.339.287	319	2.527.418	16,5%	37
Háskólanám	109.288.043	50,6%	983	419	0	1402	109.670.809	1415	-382.766	-0,3%	-13
Lífsleikni/sjálfsstyrking	11.619.955	5,4%	347	68	0	415	10.348.093	386	1.271.862	12,3%	29
Náms- og kynnisferðir erlendis	42.166.382	19,5%	328	120	1	449	34.884.616	416	7.281.766	20,9%	33
Náms- og kynnisferðir innanlands	352.104	0,2%	7	1	0	8	2.342.145	63	-1.990.041	-85,0%	-55
Námskeið	20.785.039	9,6%	294	105	0	399	18.507.602	379	2.277.437	12,3%	20
Námstengdur ferðastyrkur innanlands	732.000	0,3%	21	6	0	27	477.200	17	254.800	53,4%	10
Raunfærimat/staðfesting á færni	107.587	0,0%	1	0	0	1	136.000	3	-28.413	-20,9%	-2
Ráðstefnur	3.274.734	1,5%	102	18	0	120	1.769.666	40	1.505.068	85,0%	80
Starfsréttindanám	9.898.064	4,6%	48	70	0	118	7.810.962	94	2.087.102	26,7%	24
Samtals	216.090.613	100%	2358	936	1	3295	201.286.380	3132	14.804.233	7,4%	163

Á árinu 2023 afgreiddir 1373 starfsþróunarstyrkir að upphæð 153.368.835 króna til félagsfólks

Starfsþróunarstyrkir	Greidd upphæð 2023	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	Karlar fjöldi	Kyn-segin fjöldi	Fjöldi styrkja 2023	Greidd upphæð 2022	Fjöldi styrkja 2022	Hækkun/lækkun í kr. 2023/2022	Hækkun/lækkun í % 2023/2022	Fjölgun/fækkun styrkja 2023/2022
Háskólanám ótengt starfi	50.042.698	32,6%	302	179	0	481	29.726.878	302	20.315.820	68,3%	179
Háskólanám tengt starfi	43.037.037	28,1%	229	74	2	305	38.700.321	385	4.336.716	11,2%	-80
Námskeiðsgjald	24.373.135	15,9%	147	64	0	211	21.863.721	196	2.509.414	11,5%	15
Ráðstefnugjald	26.514.733	17,3%	164	76	0	240	7.649.437	65	18.865.296	246,6%	175
Skólagjald	7.121.232	4,6%	39	24	0	63	14.477.629	130	-7.356.397	-50,8%	-67
Staðarlota ferðastyrkur	2.280.000	1,5%	58	15	0	73	615.000	20	1.665.000	270,7%	53
Samtals	153.368.835	100%	939	432	2	1373	113.032.986	1098	40.335.849	35,7%	275

Afgreiddir voru afgreiddir 395 vísindaverkefnastyrkir að upphæð 46.642.478 króna til félagsfólks

Vísindaverkefni Starfsþróun	Greidd upphæð 2023	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	Karlar fjöldi	Kyn-segin fjöldi	Fjöldi styrkja 2023	Greidd upphæð 2022	Fjöldi styrkja 2022	Hækkun/lækkun í kr. 2023/2022	Hækkun/lækkun í % 2023/2022	Fjölgun/fækkun styrkja 2023/2022
Fræðibækur	528.290	1,1%	34	9	0	43	759.463	46	-231.173	-30,4%	-3
Háskólanám	10.364.616	22,2%	44	12	0	56	15.312.061	81	-4.947.445	-32,3%	-25
Náms- og kynnisferðir	17.354.996	37,2%	116	32	0	148	15.259.048	179	2.095.948	13,7%	-31
Námskeiðsgjöld	3.119.938	6,7%	14	10	0	24	4.801.023	33	-1.681.085	-35,0%	-9
Ráðstefnugjöld	15.124.638	32,4%	79	40	0	119	8.961.950	61	6.162.688	68,8%	58
Ferðastyrkir	150.000	0,3%	4	1	0	5	0	0	150.000		5
Samtals	46.642.478	100%	291	104	0	395	45.093.545	400	1.548.933	3,435%	-5

# FRÆÐSLUSTARF 2023

Helstu fræðslutengdu verkefni á árinu 2023 voru skipulagning trúnaðarmannafræðslu, Gott að vita námskeiðin, samstarf við fræðslumiðstöðvar, Fræðsla fyrir starfsfólk í BSRB-húsinu, þátttaka í Starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina og starf með Framtíðarnefnd BSRB.

Starfsgreinaráð HFU var skipað að nýju á árinu og er skipunartími þess 4 ár, en BSRB á 3 fulltrúa í ráðinu og þar af tilnefdir Sameyki einn fulltrúa. Starfsgreinaráð eru, hvert á sínu sviði, ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi.

Starfið í Framtíðarnefnd BSRB hefur m.a. snúist um að skipuleggja vinnustofu um framtíð trúnaðarmannafræðslu sem haldin var 21. febrúar 2024. Einnig er stefnt á að halda menntadag BSRB á árinu 2024. Þá hefur verið fjallað um færniþörf og þróun hennar meðal félagsfólks aðildarfélaga BSRB.

## GOTT AÐ VITA

Alls voru haldnir 55 Gott að vita viðburðir, fyrirlestrar og námskeið, fyrir félagsfólk Sameykis á árinu og þar af voru 21 í fjarnámi og 34 í staðnámi. Samtals var boðið upp á 147 námskeiðsstundir og 498 námskeiðspláss voru nýtt af félagsfólki Sameykis. Gott að vita námskeiðin eru fjölbreytt og hafa notið vinsælda. Hugmyndin að baki þeim er sú að hvetja fólk til að bæta sífellt við sig þekkingu. Verkefnið er unnið í góðri samvinnu við Framvegis miðstöð símenntunar, Farskóla Norðurlands vestra, Símeý, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Símenntun á Vesturlandi.

## FRÆÐSLA TRÚNAÐARMANNA

Haldin voru 22 námskeið í samstarfi við fræðslusetrið Starfsmennt og Félagsmálaskóla alþýðu. Brugðist hefur verið við aukinni eftirspurn eftir fjölbreyttari nálgun á lengd og form námskeiða. Námskeiðin fara nú fram á staðnum, í gegnum fjarfundabúnað og vefnám þar sem nemandi horfir á upptökur og svarar spurningum þegar honum hentar. Á árinu 2023 nýttu trúnaðarmenn sér námskeiðssæti á níu staðnámskeiðum, sex fjarnámskeiðum og sjö vefnámskeiðum.

Alls voru 163 námskeiðssæti nýtt af trúnaðarmönnum á námskeiðum, 75% konur og 25% karlar. Meðal námskeiða sem boðið var upp voru Nýliðafræðsla, Vaktavinna, Öryggi í hlutverki trúnaðarmanna, Bætt samskipti með virkri hlustun, Vinnuréttur, Trúnaðarmaðurinn starf hans og staða, Veikinda- og slysaréttur, Lestur launaseðla, Uppsagnir og uppsagnarfrestur og Vinnustaðafundur.



55

GOTT AÐ VITA VIÐBURÐIR



147

NÁMSKEIÐSSTUNDIR



498

NÁMSKEIÐSPLÁSS



9 STAÐNÁMSKEIÐ

7 VEFNÁMSKEIÐ

6 FJARNÁMSKEIÐ

NÝLIÐAFRÆÐSLA, VAKTAVINNA, ÖRYGGI Í HLUTVERKI TRÚNAÐARMANNA, BÆTT SAMSKIPTI MEÐ VIRKRI HLUSTUN, VINNURÉTTUR, TRÚNAÐARMAÐURINN STARF HANS OG STAÐA, VEIKINDA- OG SLYSARÉTTUR, LESTUR LAUNASEÐLA, UPPSAGNIR OG UPPSAGNARFRESTUR OG VINNUSTAÐAFUNDIR



GOTT AÐ VITA NÁMSKEIÐIN ERU FJÓLBREYTT OG Hafa NOTIÐ VINSÆLDA. HUGMYNDIN AÐ BAKI PEIM ER AÐ HVETJA FÓLK TIL AÐ BÆTA SÍFELT VIÐ SIG ÞEKKINGU



75% KONUR OG  
25% KARLAR NÝTTU  
NÁMSKEIÐSSÆTI

163

ALLS VORU 163 NÁMSKEIÐSSÆTI NÝTT AF TRÚNAÐARMÖNNUM Á 22 NÁMSKEIÐUM SEM HALDIN VORU Í SAMSTARFI VIÐ Í SAMSTARFI VIÐ FRÆÐSLUSETRIÐ STARFSMENNT OG FÉLAGSMÁLASKÓLA ALÞÝÐU

# HLUTVERK OG ÁBYRGÐ TRÚNAÐARMANNA



Fundir Trúnaðar-  
mannaráðs voru  
sjö á árinu 2023

Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í að gæta hagsmuna félagsfólks Sameykis á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsfólks um kjara- og réttindamál og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu.



## FUNDIR TRÚNAÐARMANNARÁÐS ERU FJÖLBREYTTIR OG FRÓÐLEGIR

Flestir fundirnir voru haldnir í Gullhömrum í Grafarholti

Sameyki hefur það að markmiði að viðhalda fjölbreytileika á fundunum, þar sem reynt er að hafa puttann á púlsinum og fjalla um samfélagsmál sem og málefni félagsins. Á öllum fundum er venjulega boðið upp á streymi.



## TRÚNAÐARMANNAFRÆÐSLA MIKILVÆG Í STARFINU

Ábyrgð trúnaðarmanna er m.a. að fjalla um kjara- og réttindamál

Fræðsla fyrir trúnaðarmenn hefur verið mjög fjölbreytt og mikið í boði af námskeiðum sem haldin eru af Félagsmálaskóla alþýðu, fræðslusetrinu Starfsmennt og Framvegis miðstöð símenntunar. Trúnaðarmenn hafa verið duglegir að nýta sér þessi námskeið.



## Í TRÚNAÐARMANNARÁÐINU ERU ALLS 320 TRÚNAÐARMENN

Stefna Sameykis er að vera í fararbroddi um faglega uppbyggingu trúnaðarmannastarfsins

Trúnaðarmenn eru helsta tenging félagsins við vinnustaðina og sinna þeir því afar mikilvægu grasrótastarfi. Allt félagsfólk getur boðið sig fram sem trúnaðarmenn. Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í að gæta hagsmuna félagsfólks Sameykis.

MEÐ PUTTAN Á PÚLSINUM

FRÆÐA SIG OG FRÆÐA AÐRA

GÆTA HAGSMUNA FÉLAGSFÓLKS



# TRÚNAÐARMENN ERU HELSTA TENGINGIN VIÐ VINNUSTAÐINA STÖRF ÞEIRRA ERU ÞVÍ AFAR MIKILVÆGT GRASRÓTARSTARF

Trúnaðarmenn og stjórn Sameykis mynda saman Trúnaðarmannaráð félagsins sem kosið er til tveggja ára í senn. Trúnaðarmenn eru um 315 talsins og hefur þeim fjölgað smám saman síðan Sameyki var stofnað 26. janúar 2019. Trúnaðarmenn eru helsta tenging félagsins við vinnustaðina og sinna þeir því afar mikilvægu grasrótastarfi. Allt félagsfólk getur boðið sig fram sem trúnaðarmenn.

Hlutverk trúnaðarmanns felst m.a. í að gæta hagsmuna félagsfólks Sameykis á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsfólks og Sameykis og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu, sem gagnast lífi og starfi. Hlutverk Trúnaðarmannaráðs felst einnig í að fjalla um þau málefni sem snerta störf og líf félagsfólks ásamt að standa fyrir fræðslu og upplýsingagjöf um þau þjóðfélags- og samfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og gagnast í störfum trúnaðarmanna.

Einnig er á ábyrgð trúnaðarmanna að fjalla um kjara- og réttindamál starfsfólks á vinnustöðum, og miðla öðrum af þekkingu sinni um kjarasamninga sem hafa verið gerðir á opinberum vinnumarkaði.

Samkvæmt lögum Sameykis skulu að lágmarki tveir trúnaðarmanna-

ráðsfundir haldnir á ári hverju. Fundir Trúnaðarmannaráðs voru sjö á árinu 2023. Flestir fundirnir voru haldnir í Gullhömrum í Grafarholti, þó var októberfundurinn haldinn í Sjálfstæðissalnum við Austurvöll og jólafundur Trúnaðarmannaráðs Sameykis var haldinn í Háteig á Grand Hótel í Reykjavík. Á öllum fundum er venjulega boðið upp á streymi fyrir fjarstadda. Það auðveldar félagsfólki á landsbyggðinni og öðrum þeim sem ekki geta mætt að taka þátt.

Sameyki hefur það að markmiði að viðhalda fjölbreytileika á fundunum, þar sem reynt er að hafa puttann á púlsinum og fjalla um samfélagsmál sem og málefni félagsins.

Fræðsla fyrir trúnaðarmenn hefur verið mjög fjölbreytt og mikið í boði af námskeiðum sem haldin eru af Félagsmálaskóla alþýðu, fræðslusetrinu Starfsmennt og Framvegis miðstöð símenntunar. Trúnaðarmenn hafa verið duglegir að nýta sér þessi námskeið.

Stefna Sameykis er að vera í fararbroddi um faglega uppbyggingu trúnaðarmannastarfs enda eru trúnaðarmenn fulltrúar félagsfólks á vinnustöðum og mikilvæg tenging við félagið. Markmiðið er að þekking trúnaðarmanna á kjaramálum, þátttaka þeirra í starfi Sameykis og vinna að hagsmunum félagsfólks verði ávallt til fyrirmyndar.

# ÚTGÁFU OG KYNNINGARMÁL

+370%

AUKNING MILLI ÁRA

171.868 notendur heimsóttu vef Sameykis og komu þeir 842.000 sinnum í heimsókn á vefinn, sem er 370,5 prósent aukning frá árinu áður.

Á VEF SAMEYKIS VAR BIRT **231 FRÉTT Á ÁRINU 2023 SEM ERU 44 FLEIRI SKRIFAÐAR FRÉTTIR FRÁ ÁRINU ÁÐUR**

Á vef Sameykis var birt 231 frétt á árinu 2023 sem eru 44 fleiri skrifaðar fréttir frá fyrra ári. 47 pistlar, greinar og viðtöl birtust á vef Sameykis á árinu. Eins voru birtar skoðanagreinar formanns Sameykis á ýmsum fréttamiðlum.

Unnið er að útgáfu- og kynningarmálum eftir samþykktu ritstjórnarstefnu fyrir vef og Tímarit Sameykis og er allt ritstjórnarefni, fréttir og greinar, og annað útgefið efni á ábyrgð ritstjóra og kynningarfulltrúa og svo formanns Sameykis þegar svo ber undir. Hægt er að nálgast ritstjórnarstefnu Sameykis á vef félagsins.

Þegar lykiltölur yfir heimsóknir notenda á vef félagsins eru skoðaðar hjá Google Analytics frá janúar 2023 til loka desember sama ár heimsóttu vefinn alls 171.868 notendur og komu þeir 842.000 sinnum í heimsókn á vefinn, sem er 370,5 prósent aukning frá árinu áður. Samtals er aukning í lestri á efni (skoðaðar síður) á vef Sameykis á milli ára 365,2 prósent með 2,5 milljónir heimsóknna á ýmsar síður á heimasíðunni. Mest er farið á forsíðu Sameykis eða 281 þúsund sinnum. Kjarasamningar við ríkið hafa verið skoðaðir 36 þúsund sinnum,

þá kjarasamningar við Reykjavíkurborg 33 þúsund sinnum og orlofsmál 16 þúsund sinnum. Heimsóknir á síðuna Styrktarsjóður eykst um 149,9 prósent á milli ára með 38.965 heimsóknir.

Heimasíða Sameykis er fyrst og fremst þjónustuvefur og í gegnum hann er hægt að nálgast ýmsa þjónustu í gegnum Mínar síður sem hafa verið endurnýjaðar með glæsilegum hætti, auk þess sem afgangiðsla fjölmargra mála fer á degi hverjum í gegnum vefinn. Markmiðið með nýjum Mínum síðum Sameykis er að auðvelda notendum að nálgast þjónustu félagsins við þá og beina félagsfólki í að nýta þjónustuna þar sem hún er öll á einum stað. Mælingar á Mínum síðum hefjast í vor.

Tímarit Sameykis kemur út ársfjórðungslega og orlofsblað Sameykis einu sinni á ári. Lögð hefur verið áhersla á að í tímaritinu sé fjölbreytt efni og greinar sem endurspeglar samfélagsgerðina og skapa umræðu um mál sem varða félagsfólk í Sameyki. Í könnun Gallup (sjá 4. tbl. 2023) á lestri tímaritsins kom fram að 56 prósent félagsfólks lásu tímaritið sem kom út í maí 2023, 26 prósent

lásu tímaritið síðustu tólf mánuði og 8 prósent höfðu einhvern tíma lesið það, en 9 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni höfðu ekki lesið tímaritið. Samtals höfðu því 90 prósent lesið tímaritið á því tímabili sem spurt var um. Þegar spurt var um hversu ánægt félagsfólk var með tímaritið eða óánægt svöruðu samtals 95 prósent að þau væru mjög ánægð, frekar ánægð eða hvorki né ánægð með tímaritið. Samtals 4 prósent svarenda voru frekar óánægðir eða mjög óánægðir með tímarit Sameykis.

Þegar spurt var hversu læsilegt félagsfólki þótti tímaritið vera, töldu 85 prósent það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt, en 15 prósent hvorki né læsilegt. Eftir kyni svöruðu 98 prósent karla það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt, og 87 prósent kvenna sögðu það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt.

Hjá yngri en 30 ára sögðu 83 prósent það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt, og meðal félagsfólks á aldrinum 30–39 ára sögðu 72 prósent það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt.

MYND / GERVIGREIND.AI


# TÍMARIT SAMEYKIS KEMUR ÚT FJÓRUM SINNUM Á ÁRI




**95% MJÖG ÁNÆGÐ, FREKAR ÁNÆGÐ OG HVORKI NÉ ÁNÆGÐ MED TÍMARIT SAMEYKIS SAMKVÆMT GALLUP-KÖNNUN**

Þegar spurt var í könnun Gallup um lestur tímaritsins og hversu læsilegt félagsfólki þótti það vera, svöruðu 85 prósent það vera mjög læsilegt eða frekar læsilegt.


**HVERSU ÁNÆGÐ/UR/T EÐA ÓÁNÆGÐ/UR/T ERTU ALMENNT MEÐ TÍMARIT SAMEYKIS?**



**HEIMSÓKNIR Á VEF SAMEYKIS EFTIR ALDRI**



**HEIMSÓKNIR Á VEF SAMEYKIS EFTIR KYNI**



Á vef Sameyis, sameyki.is, komu á tímabilinu janúar til desember 2023 59,6 prósent konur á en 40,4 prósent karlar, flest á aldrinum 25-34 ára.

**VEFUR SAMEYKIS ER FYRST OG FREMST ÞJÓNUSTUVEFUR. SAMTALS ER AUKNING Í LESTRI Á EFNI (SKOÐAÐAR SÍÐUR) Á VEF SAMEYKIS Á MILLI ÁRA 365,2 PRÓSENT MEÐ 2,5 MILLJÓNIR HEIMSÓKNA Á ÝMSAR SÍÐUR Á HEIMASÍÐUNNI.**

# ORLOFSMÁL

Sameyki á 15 orlofshús á Suðurlandi, þar af þrjú á Úlfjótavatni, átta í Vaðnesi og eitt við Álftavatn og þrjú í Biskupstungum, þ.e. Úthlíð, Hólasetur í Fellskoti og Akrasel.

**90,0%** NÝTING ORLOFSHÚSA SAMEYKIS  
SUMARIÐ 2023 VAR 90%

Framkvæmdir við byggingu glæsilegra orlofshúsa á Úlfjótavatni eru á næsta leiti og gert ráð fyrir að verkefnið verði umfangsmikill hluti af rekstri orlofssjóðs á árinu 2024. Árið 2023 litaðist af undirbúningi á Úlfjótavatni en einnig af innleiðingu orlofskosts á Tenerife ásamt landakaupum og ljósleiðaravæðingu í Munaðarnesi, svo fátt eitt sé nefnt. Fyrir utan Úlfjótavatnsverkefnið eru framundan nokkur stór endurnýjunarverkefni ásamt nauðsynlegum umbótum og viðhaldi.

Sameyki á samtals 58 íbúðir og bústaði á Íslandi auk íbúða á Spáni, eða samtals 60 eignir. Félagið framleigði 15 eignir hér á landi árið 2023. Nýting orlofshúsa Sameykis sumarið 2023 var 90%.

**Vesturland:** Sameyki á 28 orlofshús í landshlutanum. Eitt orlofshús í Svínadal Hvalfirði, eitt orlofshús í Skorradal, tvö orlofshús í Húsafelli, tuttugu og tvö orlofshús í Munaðarnesi, eitt orlofshús í Selásum og eitt orlofshús á Arnarstapa á Snæfellsnesi.

**Norðurland:** Sameyki á 5 orlofshús í landshlutanum. Tvö orlofshús í Hálöndum, tvær íbúðir á Akureyri og loks eitt orlofshús í Kjarnaskógi.

**Austurland:** Sameyki á 6 orlofshús að Eiðum.

**Suðurland:** Sameyki á 15 orlofshús á Suðurlandi, þar af þrjú orlofshús á Úlfjótavatni, átta orlofshús í Vaðnesi og eitt orlofshús við Álftavatn. Þrjú orlofshús eru í Biskupstungum, þ.e. Úthlíð, Hólasetur í Fellskoti og Akrasel.

**Reykjavík:** Sameyki á fjórar íbúðir í höfuðstaðnum; þrjár við Grandaveg og eina í Sóltúni.

**Spánn:** Sameyki á tvær eignir á Spáni. Önnur er íbúð í fjölbýlishúsi í nágrenni Alicante en hin er á Tenerife.

Orlofshús og íbúðir framleigðar af Sameyki á síðasta ári voru sem fyrr segir 15 eignir; fimm á Akureyri, ein í Hrísey, Bær III á Drangsnesi, Hólar í Hjaltadal, Hólmavík, Illugastaðir, Krossholt á Barðaströnd, Suðureyri, Stykkishólmur, Hellissandur og Einarstaðir. Í byrjun ársins 2024 bættist við orlofskosti á Spáni leiguíbúð í Quesada í nágrenni Alicante.



**SAMEYKI Á TVÆR EIGNIR Á SPÁNI. ÖNNUR ER ÍBÚÐ Í FJÖLBÝLISHÚSI Í NÁGRENNI ALICANTE EN HIN ER Á TENERIFE.**



# SAMEYKI Á SAMTALS 58 ÍBÚÐIR OG ORLOFSHÚS Á ÍSLANDI AUK ÍBÚÐA Á SPÁNI, EÐA SAMTALS 60 EIGNIR

Orlofshús	Leigðir dagar	Framboð / dagar	Nýting %	ORLOFSHÚS SAMEYKIS OG NÝTING ÞEIRRA 2023											
Álftavatn	91	91	100%	Hólar í Hjaltadal	70	84	83%	Mun. Stekkjarh. 75	77	91	85%	Úlfjótuvatn nr. 1	53	91	58%
Ak. Holtaland 1	89	91	98%	Hólasetur í Biskupst.	91	91	100%	Mun. Stekkjarhóll 77	84	91	92%	Úlfjótuvatn nr. 11	70	91	77%
Ak. Holtaland 3	91	91	100%	Hólmavík, Lækjartún 7	84	84	100%	Mun. Stekkjarhóll 78	84	91	92%	Úlfjótuvatn nr. 12	84	91	92%
Ak. Kjalarsíða 1B (201)	91	91	100%	Hrísey - Norðurv. 7-11	70	91	77%	Mun. Stekkjarhóll 79	84	91	92%	Úlfjótuvatn nr. 2	70	91	77%
Ak. Kjalarsíða 1B (302)	84	91	92%	Húsafell nr. 4	91	91	100%	Mu. Stekkjarhóll 80	91	91	100%	Úlfjótuvatn nr. 3	60	91	66%
Ak. Kjalarsíða 1B (402)	84	91	92%	Húsafell nr. 6	91	91	100%	Munaðarn. Vörðuás 11	84	91	92%	Úlfjótuvatn nr. 4	62	91	68%
Ak. Kjalarsíða 1B (404)	91	91	100%	Illugastaðir	77	84	92%	Munaðarn. Vörðuás 12	84	91	92%	Úlfjótuvatn nr. 5	63	91	69%
Ak. Kjalarsíða 1B (405)	91	91	100%	Klettsbúð 3, Hellissand.	84	91	92%	Munaðarn. Vörðuás 14	79	91	87%	Úlfjótuvatn nr. 6	54	91	59%
Akureyri Hamratún 26	88	91	97%	Krossholt, Barðaströnd	91	91	100%	Munaðarn. Vörðuás 17	77	91	85%	Úlfjótuvatn nr. 7	57	91	63%
Ak. Kjarnab. - hús nr. 5	91	91	100%	Munaðarn. Bjarkar. 10	91	91	100%	Norðurás 1 í Svínadal	91	91	100%	Úlfjótuvatn nr. 8	61	91	67%
Ak. Skálatún 35	88	91	97%	Munaðarn. Bjarkarás 3	91	91	100%	Reykjavík Grandav. 42 D	80	91	88%	Úlfjótuvatn nr. 9	67	91	74%
Arnarstapi	91	91	100%	Munaðarn. Bjarkarás 5	91	91	100%	Reykjavík Grandav. 42 G	78	91	86%	Úthlíð	91	91	100%
Bær III, Dranganesi	84	91	92%	Munaðarn. Eyrarhlíð 30	85	91	93%	Reykjavík Grandav. 45	82	91	90%	Vaðnes, Bollagarðar 10	87	91	96%
Eiðar nr. 10	67	91	74%	Munaðarn. Eyrarhlíð 33	91	91	100%	Reykjavík Sóltún 12	77	91	85%	Vaðnes Bollagarðar 2	84	91	92%
Eiðar nr. 11	72	91	79%	Munaðarn. Eyrarhlíð 34	91	91	100%	Selásar	84	91	92%	Vaðnes Bollagarðar 3	86	91	95%
Eiðar nr. 12	78	91	86%	Munaðarn. Eyrarhlíð 46	85	91	93%	Skorradalur	84	91	92%	Vaðnes Bollagarðar 4	81	91	89%
Eiðar nr. 5	70	91	77%	Munaðarn. Eyrarhlíð 47	82	91	90%	Calle Samara nr 5.	91	91	100%	Vaðnes Bollagarðar 5	91	91	100%
Eiðar nr. 13	67	91	74%	Munaðarn. Eyrarhlíð 48	91	91	100%	Spánn Los Arelanes nr. 48	91	91	100%	Vaðnes Bollagarðar 6	84	91	92%
Eiðar nr. 14	75	91	82%	Mun. Stekkjarhóll 72	89	91	98%	Spánn Los Arenales nr. 5	91	91	100%	Vaðnes Bollagarðar 8	84	91	92%
Einarsstaðir	91	91	100%	Mun. Stekkjarhóll 73	75	91	82%	Stykkishólmur	91	91	100%	<b>Samtals</b>	<b>6690</b>	<b>7441</b>	<b>90%</b>
Hjallavegur, Suðureyri	84	91	92%	Mun. Stekkjarhóll 74	72	91	79%	Úlfjótuvatn nr. 10	76	91	84%				

## SAMEYKI Á 28 ORLOFSHÚS Á VESTURLANDI

Eitt orlofshús í Svínadal Hvalfirði, eitt orlofshús í Skorradal, tvö orlofshús í Húsafelli, tuttugu og tvö orlofshús í Munaðarnesi, eitt orlofshús í Selásum og eitt orlofshús á Arnarstapa á Snæfellsnesi.

# LÝÐHEILSUMÁL, HÚSNÆÐISMÁL, FÉLAGSMÁL, KJARAMÁL, JAFNRÉTTISMÁL

Nefndir Sameykis fjalla um breytingar á vinnumarkaði og áhrif þeirra á störf félagsfólks, kynbundnum launamun, styttingu vinnuvikunnar, framtíðarvinnumarkaðinn, samheldni, félagsanda og margt fleira.

## NEFNDIR OG RÁÐ SAMEYKIS

Í maí 2023 fór fram kosning nýrra trúnaðarmanna eða endurkjör á eldri trúnaðarmönnum eins og lög gera ráð fyrir, þannig að kjörtímabili nefndanna var lokið í lok maí. Gert er ráð fyrir að skipað sé í nefndir að hausti en að þessu sinni tók lengri tíma að skipa í nefndirnar og því náðist ekki að hefja starf þeirra fyrr en í byrjun árs 2024.

### Framtíðarvinnumarkaðsnefnd

Nefndin fjallar um breytingar á vinnumarkaði og áhrif þeirra á störf félagsfólks. Undir það falla meðal annars fjórða iðnbyltingin, lýðfræðilegar breytingar sem tengjast aldursræðisbreytingu þjóðar og fjölbýðlegra samfélagi, græna hagkerfið og fleiri þættir. Fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar var Svanhildur Steinarsdóttir til loka maí 2023, en stjórn hefur ekki enn

skipað fulltrúa í nefndina á nýju kjörtímabili. Jóhanna Þórdórsdóttir er starfsmaður nefndar.

### Heilbrigðis- og velferðarnefnd

Áfram var fjallað um lýðheilsุมál, húsnæðismál, félagsmál og sjúkratryggingakerfið. Rætt var hvernig stéttarfélag geta haft áhrif til góðs á heilbrigði og velferð almennings, heilbrigðiskerfið og menntakerfið. Lögð var áhersla á umræðu um húsnæðismál og fékk nefndin m.a. til sín fulltrúa frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til að kynna uppbyggingu húsnæðiskerfisins. Fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar var Ólafía L. Sævarsdóttir fram til loka maí 2023 og Jakobína Þórðardóttir var starfsmaður nefndar. Ákveðið var að nefndin tæki ekki til starfa nú í upphafi árs þar sem ekki náðist að fá fulltrúa í hana.

### Jafnréttisnefnd

Nefndin hefur það hlutverk að vinna tillögur að stefnu í jafnréttismálum innan Sameykis. Nefndin kynnti tillögu sína á fundi trúnaðarmanna 29. mars. Nefndin skal fylgjast með kynbundnum launamun, vera vakandi fyrir kynbundinni mismunun á vinnustöðum og í starfi Sameykis og koma með ábendingar til stjórnar. Nefndin á einnig að hvetja til aukinnar umræðu um jafnréttismál innan Sameykis sem utan. Formaður nefndarinnar og fulltrúi stjórnar var Kári Sigurðsson. Stjórn hefur ekki skipað fulltrúa í nefndina. Jenný Þórunn Stefánsdóttir er starfsmaður nefndar.

### Kjara- og starfsumhverfisnefnd

Nefndin náði ekki að funda á vormánuðum 2023,



enda margir í nefndinni í kjaraviðræðum á því tímabili. Á fundi nefndarinnar í byrjun árs var ákveðið að Garðar Svansson héldi áfram sem formaður nefndarinnar og Herdís Jóhannsdóttir áfram sem fulltrúi stjórnar. Starfsmaður nefndarinnar er Ingólfur Björgvin Jónsson.

#### **Menningar- og viðburðanefnd**

Markmið nefndarinnar skal vera að auka tengsl við félagsfólk og efla samheldni og félagsanda meðal félaga. Nefndin sér um að skipuleggja árlega viðburði félagsins, eins og páskabingó, jólaball og aðventugleði. Fulltrúi stjórnar og formaður nefndarinnar var Rut Ragnarsdóttir, Jakobína Þórðardóttir var starfsmaður nefndarinnar en Kristín Ósk Wium hefur tekið við sem starfsmaður nefndarinnar.

Umhverfis- og loftslagsnefnd

Nefndin skal vinna tillögu að umhverfisstefnu fyrir Sameyki og koma með hugmyndir um

hvernig Sameyki getur veitt stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald í loftslagsmálum. Nefndin skal koma með tillögur um hvernig félagið getur aukið meðvitund félagsfólks og haft áhrif til vistvænni lifnaðarháttá.

Nefndin fundaði reglulega allt árið 2023 og hélt áfram störfum í haust þrátt fyrir að tímabilinu væri lokið, enda á kafi í verkefnum í kringum landnemalund félagsins í Heiðmörk. Auk fundu þá hittist nefndin í lundinum í Heiðmörk.

Til stendur að hvetja félagsfólk til að gróðursetja í lundinum og nýta hann sem útivistarsvæði. Formaður nefndarinnar var Pétur Ásbjörnsson. Fulltrúi stjórnar var Bryngeir Arnar Bryngeirsson og Kristín Erna Arnardóttir starfaði með nefndinni þangað til hún lét af störfum hjá félaginu í lok ágúst sl. Þá tók Jakobína Þórðardóttir við sem starfsmaður nefndarinnar og heldur áfram í því hlutverki á nýju tímabili.

Morgunverðar- og hádegisverðarfundir voru haldnir með félagsfólki um allt land. Á tímabilinu október til febrúar hafa verið haldnir 12 fundir með félagsfólki sem hefur verið valið af handahófi og því boðið að koma á fund með formanni Sameykis, ásamt starfsfólki frá Sameyki, og einnig mættu fleiri stjórnarmenn á einstaka fundi. Haldnir voru fimm fundir í Reykjavík en á þá fundi var dræmust mæting.

Síðan voru haldnir fundir á Akureyri, Blönduósi, Sauðárkróki, Akranesi, Selfossi, Egilsstöðum og Ísafirði. Nú í vetur eru allir þeir kjarasamningar sem Sameyki stéttarfélag gerir lausir. Því var nauðsynlegt að hitta félagsfólk og ræða áherslur í komandi kjarasamningsviðræðum

Einnig var starfið hjá félaginu til umræðu og þjónusta við félagsfólk. Hægt var að koma á framfæri skoðunum eða spurningum sem félagsfólki lá á hjarta.

1

## **FRAMTÍÐARVINNUMARKAÐSNEFND**

Nefndin fjallar um breytingar á vinnumarkaði og áhrif þeirra á störf félagsfólks og m.a. fjórðu iðnbyltinguna, lýðfræðilegar og samfélagslegar breytingar.

2

## **HEILBRIGÐIS- OG VELFERÐARNEFND**

Fjallar um lýðheilsumál, húsnæðismál, félagsmál og sjúkratryggingakerfið. Hvernig stéttarfélög geta haft áhrif til góðs á heilbrigði og velferð almennings, heilbrigðiskerfið og menntakerfið.

3

## **JAFNRÉTTISNEFND**

Nefndin fylgist m.a. með kynbundnum launamun, og á að vera vakandi fyrir kynbundinni mismunun á vinnustöðum og í starfi Sameykis og koma með ábendingar til stjórnar.

4

## **KJARA- OG STARFSUMHVERFISNEFND**

Nefndin fjallar m.a. um kjarasamninga, starfsumhverfi, samræmingu frídaga milli ríkis og sveitarfélaga, kynbundinn launamun, styttingu vinnuvikunnar og framtíðarvinnumarkaðinn.

5

## **MENNINGAR- OG VIÐBURÐANEFND**

Markmið nefndarinnar skal vera að auka tengsl við félagsfólk og efla samheldni og félagsanda meðal félaga. Nefndin sér um að skipuleggja árlega viðburði Sameykis.

6

## **UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSNEFND**

Nefndin skal vinna tillögu að umhverfisstefnu fyrir Sameyki og koma með hugmyndir um hvernig félagið getur veitt stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald.



20 FULLTRÚAR, 31 NEFND, RÁÐ OG STARFSHÓPAR

# FULLTRÚAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM

20 FULLTRÚAR SAMEYKIS SÁTU Í STJÓRNUM,  
NEFNDUM OG STARFSHÓPUM Á VEGUM FÉLAGSINS  
Á STARFSÁRINU. FULLTRÚAR ERU ANNADHVORT  
KOSNIR EÐA SKIPADIR

## STJÓRN BSRB

Pórarinn Eyfjörð, 1. varaformaður BSRB

## KJARANEFND - BSRB

Pórarinn Eyfjörð

## NEFND UM AFKOMUÖRYGGI - BSRB

Pórarinn Eyfjörð, formaður, Gunnsteinn R. Ómarsson, Herdís Jóhannsdóttir

## JAFNRÉTTISNEFND - BSRB

Kári Sigurðsson,  
Rut Ragnarsdóttir

## NEFND UM ALMANNAPJÓNUSTU - BSRB

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, Ingunn Hafdís  
Porlákssdóttir

## HEILBRIGÐISNEFND - BSRB

Gunnar Rúnar Matthíasson

## RÉTTINDANEFND - BSRB

Jenný Stefánsdóttir

## FRAMTÍÐARNEFND - BSRB

Jóhanna Þórdórsdóttir, Svanhildur  
Steinarsdóttir

## NEFND UM LÍFEYRISMÁL - BSRB

Gunnsteinn R. Ómarsson, Árni Stefán  
Jónsson

## STJÓRN ROM (REKSTRARFÉLAG ORLOFSMÁLA Í MUNADARNESI)

Ólafur Hallgrímsson, Rut Ragnarsdóttir

## STJÓRN ROE (REKSTRARFÉLAG ORLOFSMÁLA Á EIÐUM)

Ingunn H. Porlákssdóttir

## STJÓRN LSR

Árni Stefán Jónsson, formaður

## FULLTRÚI BSRB Í STARFSNEFND LSR

Jakobína Þórðardóttir

## STJÓRN BRÚAR LÍFEYRISJÓÐS

Gunnsteinn R. Ómarsson

## STJÓRN BJARGS ÍBÚÐAFÉLAGS

Árni Stefán Jónsson, formaður

## STJÓRN BLÆVAR LEIGUFÉLAGS

Pórarinn Eyfjörð

## VR BLÆR LEIGUFÉLAG SLHF.

Gunnsteinn R. Ómarsson

## STJÓRN LÍFEYRISJÓÐS STARFSMANNA REYKJAVÍKURBORGAR (LSRB)

Jakobína Þórðardóttir, varaformaður,  
Gunnar Rúnar Matthíasson, aðalmaður,  
Kolbrún Hauksdóttir, varamaður

## ÚRSKURÐARNEFND UM EFTIRLAUN LSRB

Jakobína Þórðardóttir og Hrafnhildur  
Guðmundsdóttir

## STJÓRN FRAMVEGIS SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVAR

Jóhanna Þórdórsdóttir, Jakobína  
Þórðardóttir, Bryngeir Arnar Bryngeirsson,  
Pórarinn Eyfjörð, varamaður, Guðríður  
Sigurbjörnsdóttir, varamaður

## STJÓRN STARFSMENNTAR

Pórarinn Eyfjörð, formaður, Jóhanna  
Þórdórsdóttir, varamaður

## ÚTLUTUNARNEFND PRÓUNARVERKEFNA FRÆÐSLUSJÓÐS

Jóhanna Þórdórsdóttir

## 1. MAÍ NEFND REYKJAVÍK

Gunnsteinn R. Ómarsson

## STJÓRN RUR (REKSTRARFÉLAG UM STARFSENDURHÆFINGU)

Pórarinn Eyfjörð

## STJÓRN SAMBANDS LÍFEYRISPEGA RÍKIS OG BÆJA

Ingibjörg Óskarsdóttir

## STARFSGREINARÁÐ HEILBRIGÐIS-, FÉLAGS- OG UPPELDISGREINA

Jóhanna Þórdórsdóttir

## STJÓRN FÉLAGAMIÐSTÖÐVARINNAR GRETTISGÖTU 89

Pórarinn Eyfjörð

## FERÐAKOSTNADARNEFND RÍKISINS

Guðmundur F. Guðmundsson

## ERLENT SAMSTARF

## NOFS (NORDENS OFFENTLIGANSTÄLLDAS ACKLIGA SAMORGANISATION)

Pórarinn Eyfjörð, Gunnsteinn R. Ómarsson

## NSO (NORDISKA STATSTJÄNSTEMANNA ORGANISATIONEN)

Pórarinn Eyfjörð, Gunnsteinn R. Ómarsson

## NTR (NORDISK TJENESTEMANDSRÅD)

Jakobína Þórðardóttir

## NORRÆN SAMTÖK NFS

Pórarinn Eyfjörð, Gunnsteinn R. Ómarsson



# FRÆÐSLUSETRIÐ STARFSMENNT



## STARFSMENNT BÝÐUR EINSTAKLINGUM SAMTAL VIÐ NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA, M.A. TIL AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM MARGVÍSLEGAR LEIÐIR TIL HÆFNIEFLINGAR OG STARFSÞRÓUNAR

Árið 2023 voru viðburðir og fræðslutilboð á vegum Starfsmenntar alls 365 sem er lítilsháttar fækkun frá fyrra ári þegar þau voru 381. Skráningar á námskeið voru tæplega 3.700 en árið á undan voru þær rétt tæplega 4.000. Starfsmennt veitti 14 stofnunum fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk á árinu 2023 sem er fjölgun frá fyrra ári þegar 11 stofnanir fengu slíka þjónustu.

Áfram var lögð áhersla á að bjóða breitt úrval fræðslu og í samstarfi við ýmsa aðila. Sett var á laggirnar nýtt nám fyrir þau sem sinna innkaupum hjá opinberum stofnunum en það nám var þróað í samvinnu við Ríkiskaup og skiptist í þrjú námskeið. Á haustmánuðum var aftur boðið upp á námskeið um gerð rekstraráætlna í Akra-kerfinu í samvinnu við Fjárskýslu ríkisins og voru þau vel sótt. Námskrá Launaskólans var lögð niður sem heildstæð námsleið enda hefur vettvangur fræðslumála þróast þannig að fólk sækir helst í stutt námskeið. Þar af leiðandi verður efni Launaskólans áfram í boði en núna sem stök námskeið.

Hrint var úr vör verkefni sem felur í sér að greina hæfnikröfur fjögurra starfa. Þ.e. starfs skólaritara, skólaliða, stuðningsfulltrúa í skólum og umsjónarmanns fasteigna. Vinnan fer fram í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og hafa eftirtaldir sjóðir samþykkt að veita styrk til verkefnisins: Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis, Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga, Fræðslusjóður Sameykis, Mannauðssjóður KJALAR og Sveitamennt. Áætlað er að ljúka verkefninu í árslok 2024.

Starfsmennt býður einstaklingum samtal við náms- og starfsráðgjafa, m.a. til að fá upplýsingar um margvíslegar leiðir til

hæfnieflingar og starfsþróunar. Samtalið getur einnig átt sér stað í hópi starfsfólks. Á árinu 2023 fjölgaði mjög þessum samtölum og voru þau í heildina 70 á móti einungis 9 samtölum árið 2022.

## 365 VIÐBURÐIR OG FRÆÐSLUTILBOÐ Á VEGUM STARFSMENNTAR Á ÁRINU 2023

Stofnanir geta nýtt sér þjónustu Starfsmenntar á margvíslegan máta, m.a. með því að fá ráðgjafa að láni til að aðstoða við að greina fræðslu- og hæfniþarfir en einnig við að sinna umsýslu með námi og fræðslu fyrir starfsfólkið. Árið 2023 lauk Starfsmennt greiningu á fræðsluþörfum starfsfólks í dagvinnu hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og í lok árs var unnin sambærileg greining fyrir Hljóðbókasafn Íslands. Niðurstöður greiningarvinnu nýttast m.a. til að setja upp fræðslu fyrir stofnunina í heild sinni eða afmarkaða hópa innan hennar en niðurstöðurnar geta einnig nýst til að endurskoða verkferla eða verklag innan stofnunarinnar. Starfsmennt sinnti umsýslu með námi og fræðslu fyrir 14 stofnanir og voru í heildina haldin 136 námskeið með 1.800 þátttakendum.

Mikilvægt skref var stigið í samvinnu um símenntun opinberra starfsmanna í september þegar undirritaður var samstarfssamningur við Starfsþróunarsetur háskólanna um aðgang félagsfólks að námi á vettvangi Starfsmenntar. Samið var um að Starfsþróunarsetrið greiði fyrir þátttöku félagsfólks þeirra 17 aðildarfélaga setursins, sem starfar hjá ríki, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum. Samstarfssamningurinn liðkar mjög fyrir markvissu fræðslustarfi stofnana þar sem Starfsmennt sækir núna greiðslur beint til Starfsþróunarsetursins í stað þess að stofnanirnar sinni þeirri umsýslu.

Erlenda samstarfsverkefni Com(m) on-line, sem hófst í árslok 2020, lauk um mitt ár og voru tveir fundir haldnir árið 2023. Starfsmennt hlaut styrk úr Erasmus+ sjóði menntaáætlunar ESB til að styðja við símenntun starfsfólks fræðslusetursins. Styrkurinn var nýttur til að styrkja hæfni starfsfólks og sótti það fræðslu erlendis um þróun hæfni á vinnumarkaði, grunnþætti markvissrar teymisvinnu, meðhöndlun ágreinings og styðjandi umgjörð fullorðinsfræðslu.

Mannauðsdagurinn var haldinn í október 2023 og í fyrsta sinn kynnti Starfsmennt starfsemi sína og var með kynningarbás á sýningarsvæðinu. Unnið var með yfirskriftina Sýnum vöxt í starfi og fengu þátttakendur kynningu á starfsemi Starfsmenntar og gefins bæði litla þykkblöðunga og birki frá, sem vísun í yfirskriftina, sem og hefðbundna minnisbók með merki Starfsmenntar. Mannauðsdaginn sækja helst stjórnendur og mannaútsólk hjá fyrirtækjum og stofnunum og voru þátttakendur um 1.000 í ár. Þetta er því mikilvægur vettvangur til að komast í snertingu við fólk sem sinnir fræðslu- og mannaútsmálum hjá opinberum stofnunum.

# FRAMVEGIS MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR



## STARFSFÓLK FRAMVEGIS LEGGUR SIG FRAM UM AÐ BJÓÐA UPP Á VANDAÐ NÁM OG RÁÐGJÖF FYRIR EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKI

Framvegis miðstöð símenntunar er einkahlutafélag í eigu tveggja aðildarféлага BSRB, þ.e. Sameykis stéttarfélags í almannáþjónustu og Sjúkraliðafélags Íslands. Miðstöðin hefur starfað óslitið frá 2001, fyrst um sinn til að sinna sí- og endurmenntun fólks í starfsgreinum sem Fjölbrautaskólinn í Ármúla útskrifaði. Með inngöngu BSRB í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur starfsemin þróast talsvert og verkefni orðið fjölbreyttari og náð til stærri hóps í samfélaginu.

Starfsemin byggist að stórum hluta á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011, samningi við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Miðstöðin er rekin til almannaheilla og því ekki heimilt að greiða eigendum arð og er hagnaður af starfsemi félagsins notaður til að efla fræðslu og starfsþróun fólks á vinnumarkaði.

Framhaldsfræðslan í heild sinni stendur á tímamótum og hefur vinna við endurskoðun löggjafar um framhaldsfræðslu staðið um nokkurt skeið. Vonir standa til þess að ný lög nái utan um þær breytingar sem hafa orðið á íslensku samfélagi og símenntunarmiðstöðvum verði gert kleift að sinna inngildandi menntun. Það felur í sér viðurkenningu á og virðingu fyrir því

að allir einstaklingar, óháð bakgrunni eða persónulegum eiginleikum, hafi jafnan rétt til að fá hæfni og þekkingu sína metna og tækifæri til færniþróunar.


Starfsemi miðstöðvarinnar var umfangsmikil á árinu eins og á undanförunum árum. Kenndar voru vottaðar námsleiðir í góðri samvinnu við samstarfsaðila miðstöðvarinnar. Aðsókn sjúkraliða í sí- og

endurmenntun hefur sennilega aldrei verið meiri hjá miðstöðinni og færri komust að en vildu. Mikil ánægja var hjá félagsfólki Sameykis með fjölbreytta viðburði á fyrirlestra- og námskeiðaröðinni „Gott að vita“ sem Framvegis heldur utan um og skipuleggur í samvinnu við Sameyki.

Starfsfólk Framvegis leggur sig fram um að bjóða upp á vandað nám og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Auk þess sinnir miðstöðin raunfærnimati í almennri starfshæfni á móti viðmiðum atvinnulífsins sem og raunfærnimati á móti námi í formlega skólakerfinu.

Undanfarin misseri hefur Framvegis unnið að framkvæmd raunfærnimats á móti sjúkraliðabraut í samvinnu við hagaðila og stýrihóp verkefnisins. Eftirspurn eftir matinu var mikil á árinu og þátttakendur mun fleiri en árið á undan. Framvegis mun í samvinnu við hagaðila halda áfram kynna matið og gera það aðgengilegt einstaklingum sem uppfylla skilyrði matsins.

Ráðist var í nýja stefnumótun þar sem stjórn og starfsfólk miðstöðvarinnar vann að því setja fram sameiginlega sýn á innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í alla starfsemina. Spennandi og krefjandi tímar eru framundan hjá Framvegis sem starfsfólk og stjórn hlakkar til að takast á við.



FRAMVEGIS ER REKIÐ TIL  
ALMANNAHEILLA OG ÞVÍ  
EKKI HEIMILT AÐ GREIÐA  
EIGENDUM ARÐ

# VIRK ENDUR- HÆFINGARSJÓÐUR



## ALLS HAFA 2.162 EINSTAKLINGAR LEITAÐ TIL RÁÐGJAFANNA Í BSRB - HÚSINU OG 1.429 ÞEIRRA ÚTSKRIFAST EÐA LOKIÐ ÞJÓNUSTU

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfs-eignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarféлага og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Þrjú ráðgjafar á vegum VIRK starfa í BSRB - húsinu, þær Karen Björnsdóttir, Elín M. Erlingsdóttir og Elísabeth Inga Ingimarsdóttir. Starf þeirra felst í að aðstoða félagsmenn við að endurheimta og efla starfsgetu og starfshæfni eftir veikindi eða slys. Lögð er áhersla á að halda vinnusambandi þegar það er til staðar og aðstoða við að finna leiðir til atvinnuþátttöku á nýjan leik.

Í byrjun árs 2024 voru 2.493 þjónustuþegar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Þá höfðu 22.374 einstaklingar nýtt sér þjónustu VIRK frá því að fyrsti einstaklingur kom í starfsendurhæfingu hjá VIRK árið 2009. Sumir þjónustuþegar hafa komið oft en einu sinni. Í ársbyrjun 2024 höfðu verið skráðir tæplega 26.105 starfsendurhæfingarferlar í upplýsingakerfi VIRK frá upphafi.

79% þeirra 17.000 einstaklinga sem



79% ÞEIRRA 17.000  
EINSTAKLINGA SEM  
LOKIÐ HÖFÐU ÞJÓNUSTU  
HJÁ VIRK Í ÁRSBYRJUN  
2024 VORU VIRKIR Á  
VINNUMARKAÐI VIÐ  
ÚTSKRIFT

lokið höfðu þjónustu hjá VIRK í ársbyrjun 2024 voru virkir á vinnumarkaði við útskrift, þ.e. í launaðri vinnu, virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi.

Alls hafa 2.162 einstaklingar leitað til ráðgjafanna í BSRB - húsinu og 1.429 þeirra útskrifast eða lokið þjónustu.

Þjónustukannanir VIRK sýna að þjónustuþegar eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

Einstaklingum sem glíma við heilsubrest sem hindrar þá frá vinnu er bent á að ráðfæra sig við lækni varðandi starfsendurhæfingu. Ef læknir metur að þörf sé á starfsendurhæfingu sendir hann tilvísun til VIRK. Félagsmenn sem leita til sjúkrasjóðs Sameykis fá jafnan upplýsingar um þjónustu VIRK.

Ráðgjafarnir eru staðsettir á 3. hæð í BSRB - húsinu. Frekari upplýsingar um VIRK er að finna á [www.virk.is](http://www.virk.is). Einnig má senda tölvupóst á [virk@bsrb.is](mailto:virk@bsrb.is) eða hringja í síma 525 8300.

# HEILBRIGÐISGAGNA- FRÆÐINGAR



## SÉRSTAKUR SIGUR VANNST Í SAMRÆÐUM VIÐ HEILSUGÆSLU HÖFUÐBORGAR- SVÆÐISINS, EN UNDIR LOK DESEMBER 2023 VAR LOKS SAMÞYKKT AÐ SETJA LÖGGILT STARFSHEITI OKKAR Í STOFNANASAMNINGA

Starfsárið 2023–2024 hófst með fyrstu formlegu fundarhöldum sumarið 2023. Ný andlit komu í stjórn í kjölfar aðalfundar og útskrift úr HÍ var skipulögð í júní 2023.

Fyrri hluti tímabilsins var tileinkaður skipulagi á útskriftarhátíð sem og vinnu í kjaramálum varðandi aðbúnað, starfstitla og fleira slíkt innan einstakra heilbrigðisstofnana. Sérstakur sigur vannst í samræðum við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, en undir lok desember 2023 var loks samþykkt að setja löggilt starfsheiti okkar í stofnanasamninga. Sú umræða hefur verið ákveðið hark og þessum breytingum því tekið fagnandi. Sumarið 2023, þann 25. júní, var útskrift heilbrigðisgagnafræðinga haldin hátíðleg og í samvinnu við deildarstjóra námsins innan HÍ setti félagið upp móttöku og veislu fyrir nýútskrifaða heilbrigðisgagnafræðinga. Voru meðal annars veitt verðlaun fyrir besta námsárangur auk þess sem allir fengu rós og gráðuna afhenta við fallega athöfn.

Seinni hluti tímabilsins einkenndist af skipulagi á aðalfundi og námsstefnu á Akureyri snemma vors 2024. Lítið varð úr 50 ára afmælishátíð sem átti að halda á Akureyri vegna covid og þótti tími til kominn að efla stéttina norðan heiða enn betur og halda því loksins námsstefnu og aðalfund á Akureyri. Sérfræðingar á sínum sviðum sem geta nýst heilbrigðisgagnafræðingum í starfi voru

fengnir til að halda fyrirlestur, skipulagður kvöldmat saman og lögð áhersla á samheldni og samvinnu innan stéttarinnar. Aðalfundur var auglýstur fyrir áramótin

### ÚTSKRIFT HEILBRIGÐIS- GAGNAFRÆÐINGA HALDIN HÁTÍÐLEG

Í Háskóla Íslands setti félagið upp móttöku og veislu fyrir nýútskrifaða heilbrigðisgagnafræðinga. Voru meðal annars veitt verðlaun fyrir besta námsárangur auk þess sem allir fengu rós og gráðuna afhenta við fallega athöfn.

'23–'24 svo nægur tími gæfist til skipulags og ýmis tilboð á gistingu fengin fyrir félagsfólk sem kemur að sunnan, vestan eða austan. Námsstefna og aðalfundur verða haldin hátíðleg 5. og 6. apríl 2024 á söllum Hótel KEA á Akureyri.

Ýmis önnur vinna fór fram yfir allt tímabilið en stjórnarmeðlimur hefur tekið að sér kennslu varðandi sjúkraskrár innan deildarinnar við HÍ og heldur félaginu þannig í enn betri tengingu við skólann og nemendur. Átak var hafið í að gera stéttina sýnilega og hefur borið á árangri þar innan ákveðinna stofnana sem og í auknum áhuga á náminu. Félagsfólk var einnig duglegt að taka þátt í samfélagslegum viðburðum eins og Bleika deginum í október og hvatti stjórn til þátttöku í Kvennaverfallinu til að sýna samstöðu og berjast áfram fyrir okkar kvenlægu stétt.

Stjórnarmeðlimir tóku þátt í starfamessu Háskólans á Akureyri árið 2023 til að kynna starf og nám og stefna á að gera slíkt hið sama 2024, en í ár er messan ekki einungis fyrir grunnskólanema heldur einnig framhaldsskóla og háskóla.

Þetta starfsár hefur því einkenndist af ýmsum málum og hafa jafnt félagsmeðlimir haft áhrif innan eigin vinnustaða sem og félagið innan stofnana á landsvísi. Unnið hefur verið markvisst að samstöðu innan stéttarinnar, bættum kjörum og meiri sýnileika. Þykir stjórn það hafa borið árangur sem virkilega ánægjulegt og fræðandi hefur verið að upplifa.

# FÉLAG ÁFENGIS- OG VÍMUEFNARÁÐGJAFNA



## TILGANGUR FÉLAGSINS, ÁSAMT FLEIRU, ER MEÐAL ANNARS AÐ BEITA SÉR Í KJARAMÁLUM FÉLAGSFÓLKS OG HAFNA ÁHRIF Á KRÖFUGERÐ FYRIR KJARASAMNINGA

FÁR er fagfélag áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Helstu verkefni FÁR eru að standa fyrir fræðsluerindum og fagráðstefnum fyrir áfengis- og vímuefnaráðgjafa og önnur sem áhuga hafa á málefnum, auk þess að hvetja og leiðbeina félagsfólki að sækja sér endurmenntun að námi loknu.

FÁR hélt ráðstefnu í lok apríl sem var vel sótt og ýmis fagleg málefni voru rædd. Önnur fræðsluvöld á starfsárinu snerust um handleiðslu og almennt um stétt og starfsemi áfengis- og vímuefnaráðgjafa.

Miklar breytingar urðu á námi áfengis- og vímuefnaráðgjafa þegar Símenntun Háskólans á Akureyri tók við bóklega hluta námsins af SÁÁ. FÁR lítur svo á að þetta sé fyrsta skrefið í að koma náminu inn í háskólakerfið, en bæði Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands hafa lýst yfir áhuga á að koma á laggirnar nýju námi til að sinna bóklega hluta náms áfengis- og vímuefnaráðgjafa. Ýmis verkefni fylgja þessum breytingum og FÁR hefur unnið að því að halda þeim verkefnum á lofti. Þessi vinna mun halda áfram á næsta starfsári, en ásamt þeim verður eitt af aðalverkefnum ársins að halda ráðstefnu í haust til þess að fagna 30 ára afmæli FÁR.

## TILGANGUR FÉLAGSINS ER EFTIRFARANDI

- 1 Að efla samvinnu og samstarf félagsfólks
- 2 Að bæta faglegan hag þeirra og hvetja til aukinnar menntunar í starfi
- 3 Að vera málsvari félagsfólks út á við og eiga samstarf við sambærileg félög erlendis
- 4 Að gæta þess að þeir sem starfa við áfengis- og vímuefnaráðgjöf uppfylli kröfur um siðferði sbr. siðareglur félagsins
- 5 Að standa vörð um réttindi félaga
- 6 Að beita sér í kjaramálum félaga og hafa áhrif á kröfugerð fyrir kjarasamninga þeirra



# LÍFEYRISDEILD SAMEYKIS



## VORFAGNAÐUR VAR HALDINN 10. MAÍ Í GULLHÖMRUM, SÁ SÓLI HÓLM UM AÐ SKEMMTA GESTUM OG GRÍMUR SIGURÐSSON OG ARI JÓNSSON SÁU UM TÓNLISTINA. Í FYRSTA SINN VAR BOÐIÐ UPP Í DANS OG VAR ÞVÍ VEL TEKIÐ

Aðalfundur lífeyrisdeildar var haldinn 18. apríl 2023. Þær breytingar urðu á stjórninni að úr henni gengu Lilja Sörladóttir, Sigurjón Gunnarsson og Sigurður Helgason og fá þau þakkir fyrir góð störf síðastliðin ár.

Þau sem halda áfram í nýrri stjórn eru Ingibjörg Óskarsdóttir formaður, Bryndís Þorsteinsdóttir, Guðjón Magnússon og Guðrún Árnadóttir. Nýir í stjórninni eru Hildur Gunnarsdóttir, Marías Sveinsson og Þórdís Richter og eru þau boðin velkomin í stjórn lífeyrisdeildarinnar. Hrafnhildur Guðmundsdóttir og Sigurjón Gunnarsson voru kjörnir skoðunarmenn félagsreikninga.

Vorfagnaður var haldinn 10. maí í Gullhömrum, sá Sóli Hólm um að skemmta gestum og Grímur Sigurðsson og Ari Jónsson sáu um tónlistina. Í fyrsta sinn var boðið upp í dans og var því vel tekið.

Sumarferðin var svo farin um Suðurland undir dyggri stjórn Harðar Gíslasonar og voru þrjár dagsetningar á ferðunum eins og síðast. Farið

var 20., 22. og 26. júní og var fullt í allar ferðir. Keyrt var að Þingvöllum, um Laugarvatn að Reykholti og snæddur hádegisverður hjá Flúðasveppum á Flúðum. Þaðan var haldið að Forsæti þar sem skoðaðir voru listmunir úr tré. Þar skoðuðum við einnig uppsett orgel

sem var áður í Landakirkju fyrir gos og spilaði gestgjafinn fyrir okkur á orgelið. Ekið var um Stokkseyri og Eyrarbakka, og þar borðuðum við kvöldverð í Rauða húsinu áður en ekið var heim á leið.

Haustfagnaðurinn var síðan haldinn 9. nóvember í Gullhömrum og las Ólafur Kristófersson söguna Róbót upp úr nýútkominni bók sinni Láttu ekki svona. Grímur Sigurðsson og Ari Jónsson sáu svo um tónlistina – aftur var boðið upp í dans og núna var aðeins bætt í því boðið var upp á leiðsögn í grunnsporum í línudans og var því vel tekið.

Símenntunarsjóður heldur sínu striki og er úthlutað tvisvar á ári.

Gönguhópurinn er enn við lýði en það hefur fækkað í honum af ýmsum orsökum og lítil endurnýjun orðið. Ákveðið var því að leggja niður göngurnar en því verður fagnað ef áhugasamir endurvekja gönguhópinn.

## FARIÐ VAR Í SUMARFERÐIR Í JÚNÍ OG VAR FULLT Í ALLAR FERÐIRNAR

Sumarferðin var svo farin um Suðurland undir dyggri stjórn Harðar Gíslasonar og voru þrjár dagsetningar á ferðunum eins og síðast. Farið var 20., 22. og 26. júní og var fullt í allar ferðir.



**SAMEYKI**  
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAPJÓNUSTU

# Stofnun ársins 2023





**SAMEYKI**

Skrifstofa Sameykis  
Grettisgata 89 - 105 Reykjavík  
Opið mán.-fim. 9:00-15:00  
og fös. 9:00-13:00  
Sími: 525 8330

[SAMEYKI.IS](http://SAMEYKI.IS)